

*Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við seinni umræðu um ársreikning Akraneskaupstaðar í bæjarstjórn Akraness.*

*Ánægjulegt er að Akraneskaupstaður skilar á rekstrarárinu 2020 um 133 m.kr. afgangi á samstæðu reikningi bæjarins en það er áhyggjuefni að jákvæð rekstrarniðurstaða er tilkomin vegna fjármagnsliða og einskiptis tekna sem ekki er hægt að reiða sig á til framtíðar.*

*Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa varað við þeirri þróun í rekstri Akraneskaupstaðar á undanförunum árum að útgjöld vaxa hraðar en tekjur. Í aðdraganda fjárhagsáætlunar 2021 lögðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu í bæjarstjórn um að farið yrði í viðamikla úttekt á rekstri og stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar. Því miður er úttektin enn á byrjunarreit heilum fimm mánuðum síðar og mjög brýnt að hraða verkefninu svo upplýsingarnar nýtist við gerð fjárhagsáætlana til næstu ára.*

*Áhyggjur Sjálfstæðisflokksins snúa m.a. að eftirtöldum staðreyndum sem sýnilegar eru í ársreikningi Akraneskaupstaðar 2019 og enn skýrari fyrir árið 2020.*

*Gjöld hækka langt umfram tekjur og nú er svo komið að sveitarfélagið er ekki sjálfbært í rekstri. Laun og launatengd gjöld hækka um 500 m.kr. milli ára sem á að hluta til skýringar í hækkunum kjarasamninga sem og fjölgun starfa. Þessi útgjaldaliður er nú orðin um 73% af tekjum bæjarsjóðs og hefur aldrei verið hærri. Þá er mikilvægt að draga fram að frá árinu 2017 hafa launagjöld án lífeyrisskuldbindinga hjá Aðalsjóði vaxið um 34% og annar rekstrarkostnaður um 39% á meðan íbúum hefur fjölgað um 6% og tekjur hafa vaxið um 16%. Hér hefur því skapast mikið ójafnvægi í rekstrinum.*

*Vöxtur tekna undanfarin ár er ekki í takt við útgjöld og því ljóst að áskoranir kaupstaðarins eru miklar nema það takist að stækka tekjustofna sveitarfélagsins með fjölgun íbúa og nýrra atvinnutækifæra. Að öðrum kosti er fyrirsjáanlegur niðurskurður á þjónustu eða skipulagsbreytingar sem lækka kostnað sveitarfélagsins svo tryggja megi rekstrargrundvöllinn.*

*Útgjöld vegna málaflokks fatlaðs fólks fara umtalsvert fram úr áætlun ársins 2020. Akraneskaupstaður hefur haldið bókhald um útgjöld og tekjur vegna málaflokksins frá yfirfærslu frá ríkinu árið 2011 og er uppsafnað rekstrartap um 600 m.kr. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru uggandi yfir stöðu málaflokksins í heild en þessi hallarekstur eykur á fyrirsjáanlegan rekstrarvanda sveitarfélagsins.*

*Áhyggjuefni er að Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði sé rekið með tapi þrátt fyrir að bagga lífeyrisskuldbindinga hafi verið létt af starfseminni. Ljóst er að fjárveitingar ríkisins duga ekki til að standa undir lögbundinni starfsemi hjúkrunarheimila og engar vísbendingar eru um að breyting verði þar á. Nú er svo komið að sveitarfélög á Íslandi treysta sér ekki til að sinna rekstri hjúkrunarheimila og mörg hver hafa skilað hjúkrunarheimilum í rekstri til ríkisins. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka því þann vilja sinn að lokið verði við athugun á framtíðar rekstarformi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða á kjörtímabilinu.*

*Á tímum heimsfaraldurs eru áskoranir í rekstri sveitarfélaga miklar og hefur Akraneskaupstaður lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að snúa vörn í sókn. Áhrif Covid-19 á bæjarsjóð eru minni en hjá sveitarfélögum sem hafa þurft að horfa upp á mikið atvinnuleysi með tilsvareandi tekjumissi. Útgjaldaaukning Akraneskaupstaðar vegna Covid-19 kom til vegna ákvarðanna bæjarstjórnar að bæta í viðhaldsliði og mæta bæjarbúum og fyrirtækjum í gjaldinnheimtu. Allt ákvarðanir sem bæjarstjórn stóð einhuga að. Það er og verður ávallt hlutverk bæjarfulltrúa á Akranesi að verja rekstur og þjónustu Akraneskaupstaðar við íbúa og tryggja að Akraneskaupstaður geti sinnt þeim*

*mikilvægu verkefnum, uppbyggingu og þjónustu sem honum ber til framtíðar. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum.*

*Rakel Óskarsdóttir (sign)*

*Sandra Margrét Sigurjónsdóttir (sign)*

*Einar Brandsson (sign)*

*Ólafur G. Adolfsson (sign)*